

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **17-077F015**

Dags: **11. júní 2017**

Staður: **Á flugvellinum við Sandskeið**

Lýsing: **Stélkastaðist í landingu**

Flugmaður ásamt farþega fóru frá Tungubökkum í Mosfellsbæ um kl. 13:00, í útsýnisflug, á TF-KAX (Cessna 305 C Bird Dog) sem er tveggja sæta stélhjólsvél.



Flugmaðurinn ákvað að gera nokkrar snertilendingar á flugvellinum við Sandskeið til þess að æfa sig á flugvélina. Eftir tvær snertilendingar (flugbraut 33) ákvað hann að lenda flugvélinni með flapa aðeins að hluta til niðri (10°-15°). Í landingarbruninu fór flugvélina að leita til vinstri og snérist svo í hálfhring. Nokkur slinkur kom á flugvélina og mátti sjá krupkur á skrokk hennar.

Ekkert athugavert fannst að flugvélinni en um 15 hnúta vindur var þvert á flugbrautina frá hægri. Flugmaðurinn hafði um 22.000-23.000 tíma heildarreynslu í flugi en aðeins um 3-4 tíma á þessa tegund flugvélar. Hann taldi að reynsluleysi á þessa tegund flugvélar og/eða röng viðbrögð við þessar aðstæður hafa átt sinn þátt í atvikinu.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 18.10.2018.